



## Starfsreglur fyrir atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 10. bekk sem vegna sértækra örðugleika, annarra en fötlunar, hafa dregist verulega aftur úr í námi og/eða eiga við félags- og tilfinningaleg vandamál að stríða sem valda þeim verulegri vanlíðan í grunnskóla.

**Markmið** atvinnutengds náms er að bæta líðan nemenda og styrkja sjálfsmynd þeirra.

Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnuskóla Kópavogs, grunnskóladeildar Kópavogs og grunnskóla Kópavogs.

Gert er ráð fyrir að 10 - 12 nemendur geti tekið þátt í atvinnutengdu námi á hverju skólaári.

### Aðkoma og ábyrgð aðila að atvinnutengdu námi

Hlutverk grunnskóladeildar er að hafa yfirumsjón með verkefninu gagnvart grunnskólum og stýra inntöku nemenda í úrræðið og skila upplýsingum um vinnustundir nemenda til launadeildar.

Hlutverk grunnskólanna (skólastjórnenda, náms- og starfsráðgjafa eða annarra sérfræðinga skólans) er:

- Sækja um inntöku fyrir nemendur til grunnskóladeildar.
- Finna hæfa samstarfsaðila í atvinnulífinu.
- Leita reglubundið eftir upplýsingum frá tengilið á vinnustað um hagi nemandans og mætingar.
- Skila upplýsingum um vinnustundafjölda fyrir 15. hvers mánaðar til grunnskóladeildar.

Atvinnuþátttaka nemenda er alfarið á ábyrgð skólanna eins og í öðru skólastarfi og með samþykki foreldra.

### Launakjör

Nemendur í atvinnutengdu námi eru launþegar hjá Kópavogsbæ (Vinnuskóla Kópavogs) og njóta því atvinnu- og ábyrgðartryggingar sem slíkir. Vinnustundafjöldi má ekki fara yfir 8 klukkustundir á viku. Ein klukkustund í atvinnutengdu námi jafnast á við 1,5 kennslustund.

Nemendur í 10. bekk, í atvinnutengdu námi, fá greitt tímakaup samkvæmt launaflokki 16 – 1, að auki er greitt 10,17% orlof á laun.

Nemandi í atvinnutengdu námi sem veikist eða forfallast á annan hátt ber að tilkynna sínum vinnustað um forföll sín rétt eins og skólanum. Nemandinn fær þá daga sem hann forfallast ekki greidda.

### Umsóknareyðublað

**Sækja skal um atvinnutengt nám á sérstöku eyðublaði sem skal skila til grunnskóladeildar.**